

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skagafirði.

Breyting á deiliskipulagi – Sauðárkrókshöfn, hafnarsvæði, Háeyri 6 og 8.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 48. fundi sínum 22. apríl 2026, breytingu á deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar, hafnarsvæði, vegna Háeyrar 6 og 8, í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsuppráttur sýnir lóðamörk, byggingarreiti og víkjandi byggingar innan breytingarsvæðis ásamt helstu skilmálum. Breytingin skapar grundvöll til uppbyggingar á lóðinni í samræmi við framtíðarhugmyndir lóðarhafa. Lóðirnar Háeyri 6 og Háeyri 8, sem er óbyggð, munu sameinast undir landnúmeri og staðfangi Háeyrar 6. Á lóðinni verður einn 1.129,9 m² byggingarreitur. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar verður 0,65 og hámarksstærð botnflatar verður 600 m².

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 9. júní 2026.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 16. júní 2026